

REGLUGERÐ

102

23. okt.

um

takmörkun á innflutningi á óþörfum varningi.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um takmörkun á innflutningi slíks varnings.

1. gr.

Eftirgreindar vörutegundir er bannað að flytja til landsins:

- a. *Kjötmeti* og pylsur nýtt, saltað, þurkað, reykt eða niðursoðið. *Fiskmeti* allskonar, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. *Smjör*, smjörliki, ostur. *Ávextir* niðursoðnir, syltaðir og sykraðir. Ávaxtamauk, hnetur, niðursoðið grænmeti og makrónudeig. *Brauð*, allskonar kaffibrauð, kex, annað en matarkex. *Brjóstsykur*, karamellur, sykurgúmmi, súkkulaði, konfekt, marsipan, lakkris, hunang og siróp. *Öl*, límonaði, sódavatn, óáfeng vín, ölkelduvatn, ávaxtasafi (saft). *Ilmvötn*, hárvötn, hársmyrsl. *Blóm* og jurtir lifandi og tilbúin, jólatré og jólatrésskraut. *Loðskinn* og fatnaður úr þeim. Hanskar, reiðtygi, skinntöskur og veski. *Silkivefnaður*, silkihattar, floshattar, silki-skór, flosskór, sólhlfar, silki og silkivarningur, flauel og flos. Knipplingar. *Fiður*, dúnn og skrautfjaðrir. *Veggmyndir* og málverk, myndabækur, myndarammar, rammalistar, allur glysvarningur og leikföng, flugeldar og flugeldaefni. *Hljóðfæri* allskonar og grammofónplötur. *Gull- og silfursmíðivörur*, plettvörur, gimsteinar og hverskonar skrautgripir, eirvörur, tinvörur, nýsilfurvörur, nikkelvörur. Legsteinar. Fólksflutningabifreiðar og bifhjól. Frimerki og aðrir safnmunir.
- b. Hverskonar *vefnaðarvörur*, tilbúinn fatnaður og höfuðföt, nema fiskstrigi (Hessian), segldúkur, pokar og pokastrigi, lóðarbelgir, lampakveikir, sáraumbúðir, vinnuföt (overalls) og sjóklæði. *Egg* ný og niðursoðin, eggjaduft, niðursoðin mjólk. *Skófatnaður* allskonar úr leðri og gúmmi. Nýir og þurkaðir *ávextir* og grænmeti, annað en kartöflur og laukur. *Skósverta*, kerti, sápur, gólfáburður, leðuráburður og hverskonar fægiefni, sápuspænir og sápuduft. Allskonar feitmeti, nema til iðnaðar. *Vöruflutningabifreiðar* og reiðhjól. Hverskonar leður- og skinn-vörur, sem ekki eru áður nefndar. Tilbúin *stofugögn* og hlutar úr þeim. *Úr* og klukkur. *Kaffibætir*. Bréfsþjöld. *Kvikmyndir*. *Efni til brjóstsykur-* og konfektgerðar. *Sjónaukar*, ljósmyndavélar og hlutar í þær. Speglar og glervörur, aðrar en rúðugler, netakúlur, flöskur og lampaglös. Postulínsvörur allskonar. *Hnífar*, skæri, skotvopn. *Skip* og bátar. Mótorar allskonar. *Skrifvélar*, reiknivélar og aðrar skrifstofuvélar.
- c. *Tóbak*, vindlingar, vindlar og aðrar tóbaksvörur, til 1. janúar 1932.

102

23. okt.

2. gr.

Nú telur einhver vafa á því, hvort vara sú, er hann vill flytja til landsins, falli undir ákvæði 1. gr. eða undir hvern staflið greinarinnar hún falli, og getur hann þá leitað úrskurðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins um það, og er það fullnaðarúrskurður sem og aðrir úrskurðir þess út af skilningi á ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. gr.

Nú telur einhver sér nauðsyn á að flytja til landsins einhverja af vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og getur hann þá leitað til þess leyfis innflutningsnefndar, sbr. 4. gr. Innflutningsleyfi á vörum þeim, sem greinir í 1 gr., staflið a., verður þó ekki veitt, nema ómissandi þyki, og á vörum þeim, sem taldar eru í staflið b. og c., ekki nema nefndin telji þess sérstaka þörf.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 5 manna nefnd til þess að athuga beiðnir um innflutningsleyfi og veita þau eftir því sem ástæða þykir til. Ef nefndinni þykir ástæða til að veita innflutningsleyfi á einhverri af vörum þeim, sem taldar eru í 1. gr., staflið a., verður hún að bera það atriði undir atvinnumálaráðherra, sem þá ákveður, hvort veita skuli leyfið.

Kostnaður við nefnd þessa greiðist úr rikissjóði.

5. gr.

Kaupmönnum og kaupfélögum er skylt að gefa innflutningsnefnd nákvæma skýrslu um birgðir sínar af vörum þeim, sem innflutningur er bannaður á samkvæmt reglugerð þessari og um verð þeirra kominna í hús hér á landi, að greiddum tolli og öðrum kostnaði. Ennfremur ber þeim, sem sækja um innflutningsleyfi á téðum vörum, að gefa nefndinni slíka skýrslu, ef hún óskar þess.

6. gr.

Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík skulu hver í sínu umdæmi hafa gætur á því, að fyrirmælum reglugerðar þessarar sé nákvæmilega framfylgt, og er þeim heimilt að setja þær reglur og gera þær ráðstafanir þar að lútandi, sem þurfa þykir.

7. gr.

Þær vörur, sem komnar eru í skip í útlöndum áleiðis hingað, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og hingað til.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar þessarar varða sektum allt að 100000 kr.

9. gr.

102

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lög- 23. okt.
reglumál.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

103

um

26. okt.

notkun vatnsveitu og sölu vatns í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Veganefnd hefir umsjón með vatnsveitu bæjarins og vatnssölu, svo sem segir í samþykkt um stjórn bæjarmálefna.

2. gr.

Eigi má leggja vatnsæð úr vatnsveitunni án leyfis veganefndar og aðeins undir eftirliti hennar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum bæjarins að húsvegg. Bæjarstjórn getur ákveðið að taka að sér lagning þessara húsæða.

Eigi má nota vatnsveituna til annars en heimilisþarfa bæjarmanna, nema sérstaklega sé umsamið.

3. gr.

Fyrir vatn til heimilisnotkunar greiðist ekkert gjald, eigi skal heldur koma gjald fyrir neytluvatn skipa skrásettra á Ísafirði.

Heimili bæjarstjórn vatn á bryggjur, sildarstöðvar, fiskverkunarstöðvar, íshúsa eða til annars atvinnureksturs, skal það selt eftir mæli, er notendur kosta að öllu leyti sjálfir, og ákveður hún þá gjaldið. Þó má það eigi hærra vera en 2 kr. fyrir hverja smálest vatns, nema til skipa, sbr. 4. grein.

4. gr.

Fyrir vatn til skipa, sbr. þó 3. grein, skal gjalda kr. 2.50 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skifti en 2 kr.